

**Umsögn Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins (GRR) um mál nr. 106/2020, Áform um samþættingu þjónustu í þágu barna.**

Eftirfarandi athugasemdir/ábendingar eru gerðar við ***drög að frumvarpi til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna:***

Stofnunin leggur til að í frumvarpinu verði 3ja stigs stofnunum á vegum félagsmálaráðuneytisins gerð betri skil, s.s. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu. Þessar stofnanir eru landsstofnanir og hafa í dag lögbundnar skyldur er snúa að greiningu, sérhæfðri ráðgjöf, fræðslu, mati á stuðningsþörfum, rannsóknnum og eftirfylgd til lengri tíma gagnvart fötluðum börnum og/eða börnum með ýmsar skerðingar. Í þágu farsældar barna er nauðsynlegt að byggja á því mikilvæga starfi sem nú þegar er til staðar fyrir börn og fjalla um hlutverk þessara stofnana í lögunum.

Aðrar athugasemdir:

2. gr. liður

a) *Almenn þjónusta* er í daglegu tali gjarnan notuð yfir grunnþjónustu ríkis og sveitarfélaga, þ.e. almenn þjónusta sem stendur börnum til boða og því ruglingslegt að nota það yfir aðra aðila sem veita börnum valkvæða þjónustu. Lagt er til að fundið verði annað heiti, t.d. *valkvæð þjónusta*.

m) Ekki er nægilega skýrt að 3ja stigs stofnanir falla undir þjónustuveitendur. Lagt er til að því verði bætt við, t.d. með því að bæta við *...sérhæfð félags- og heilbrigðisþjónusta...* eða nota *...sérhæfð velferðarþjónusta...* Í greinargerðinni verði kveðið skýrar á um hvaða þjónusta/stofnanir er að ræða, s.s. Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins (GRR).

Í frumvarpinu er talað um *gagnreynda þekkingu og gagnreynd úrræði*. Lagt er til að við orðskýringar bætist skilgreining á þeim hugtökum.

6. gr. a. Lagt er til að við bætist að Barna- og fjölskyldustofa skuli eiga samvinnu um velferð og farsæld barna sem búa við fötlun og/eða skerðingar við þær 3ja stigs þjónustu/stofnanir sem hafa lögbundið hlutverk gagnvart þeim og búa yfir sérþekkingu á þeirra þörfum, s.s. GRR.

8. gr. Lagt er til að í síðustu málsgrein verði bætt við þriðja stigs stofnunum sem gegna mikilvægu hlutverki í velferð- og farsæld barna með mismunandi skerðingar. Þannig verði, í þágu barnsins, gagnkvæm upplýsingaskylda milli stofnana.

10. gr. Lagt er til að í síðustu málsgreinina bætist: *...í samræmi við skimun og/eða frummat...*

12. gr. Lagt er til að í næst síðustu málsgreinina bætist: *...í samræmi við sérhæft og ítarlegt mat og/eða greining á færni, þroska og þörfum barns*. Einnig er lagt er til að í greinargerð verði tekin dæmi um þjónustu (stofnanir) sem falli í dag undir að vera þriðja stigs þjónustu (s.s. GRR), eins og gert er í 10. og

11. gr. svo og í frumvarpi til laga um heilbrigðisþjónustu.

19. gr. Lagt er til að í greininni verði kveðið skýrar á um skyldu tengiliðar til að hafa frumkvæði að því að upplýsa foreldra/barn um þjónustu í þágu farsældar barns. Jafnframt komi fram í greininni að sé það mat tengiliðar að samþætting fyrsta stigs þjónustu sé í þágu farsældar barns, skuli tengiliður hafa frumkvæði að því leita eftir samvinnu við foreldra um að hefja samþættingu þjónustunnar.

21. gr. Lagt er til að í greininni verði kveðið skýrar á um skyldu málstjóra til að hafa frumkvæði að því að upplýsa foreldra/barn um þjónustu í þágu farsældar barns. Jafnframt verði tekið fram að eitt af hlutverkum málstjóra sé að leita eftir samvinnu við foreldra um að setja af stað þjónustu sem metin er nauðsynleg í þágu farsældar barns. Í c. lið bætist við: ...og/eða greiningu á **færni, þroska** og þörfum... Í d) lið bætist við að málstjóri beri einnig ábyrgð á að stuðningsáætlun sé reglulega endurskoðuð í samræmi við þarfir og óskir foreldra og/eða barns.

22. gr. Lagt er til að foreldri/barn hafi einnig möguleika á að kvarta til Gæða og eftirlitsstofnunar ef stuðningsáætlun er ekki endurnýjuð í samræmi við þarfir barnsins.

Eftirfarandi athugasemdir eru gerðar við **drög að frumvarpi til Barna- og fjölskyldustofu:**

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins (GRR) leggur til að í frumvarpinu verði bætt við skyldur Barna- og fjölskyldustofu að hafa samráð og/eða samstarf við 3ja stigs stofnanir sem veita fötluðum börnum og/eða börnum með ýmsar skerðingar þjónustu. Þannig verði skýrt hlutverk Barna- og fjölskyldustofu um gagnkvæmar skyldur um samstarf. Á sama hátt þarf að kveða á, þar sem það á við, um gagnkvæmt upplýsingaflæði í þágu farsældar barns.

9. gr. liður 17. um breytingar á 67. gr., 7. málsgrein bls. 5, sem fjallar um að telji barnaverndarnefnd þörf á að barn fái sérstaka umönnun, þjálfun skuli fjalla um það í fóstursamningi. Til viðbótar er lagt til að kveða verði á um skyldur til að leita ráðgjafar/þekkingar hjá GRR eða öðrum 3ja stigs stofnunar ef fatlað barn er vistað á fósturheimili. Þannig verði stuðlað að því að fósturforeldrar fái nauðsynlega fræðslu og stuðning til að geta mætt sérþörfum barnsins í þágu farsældar þess.

10. gr. 2. liður. Lagt er til að kveðið verði á um skyldur Barna- og fjölskyldustofu til að hafa samstarf við GRR þegar um er að ræða fötluð börn þar sem liðurinn skarast á við hlutverk GRR.

11. gr. Lagt er til að kveðið verði í um gagnkvæmar skyldur stofnana um samstarf í þágu farsældar barns.

Allar frekari upplýsingar eru góðfúslega veittar af undirritaðri.

Virðingarfyllst,  
f/h Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins



Soffía Lárusdóttir, forstöðumaður